



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2009

Efni: Umsögn um þá þætti frumvarps til laga um ráðstafanir í skattamálum, 239. mál, er lúta að breytingu á skattlagningu matvæla

- Samtök iðnaðarins vilja að vörugjöld verði felld niður af öllum matvælum og hráefnum til matvælaframleiðslu.
- Samtök iðnaðarins vilja að öll matvæli verði í sama VSK þrepi og leggjast eindregið gegn sérstöku skattþrepi fyrir sumar matvörur og matvæli á veitingahúsum.
- Samtök iðnaðarins telja að almenn hækkun á virðisaukaskatti, öðru þrepinu eða báðum, sé líklegri til að skila ríkissjóði nauðsynlegum tekjum.
- Samtök iðnaðarins telja að skattur á allan sykur til iðnaðarframleiðslu og neytenda og viðbættan sykur í innfluttum matvælum sé líklegri til að hvetja bæði fyrirtæki og einstaklinga til að draga úr sykurnotkun en sérstök skattlagning á sumar vörur.

Vörugjöld burt af matvælum

SI leggja til að fallið verði frá því kerfi vörugjalda á matvæli sem var tekið upp 1. september sl. Þetta margfalda skattkerfi er flókið og ógagnsætt og til þess fallið að rugla verð- og kostnaðarvitund bæði framleiðenda og neytenda. Kerfið er svo flókið að venjulegir íslenskir framleiðendur, sem þurfa að sinna ýmsum störfum innan fyrirtækisins og hafa ekki á að skipa sérhæfðu starfsfólki til að takast á við skrifræðið, veigra sér við að takast á við það.

Samtök iðnaðarins telja að með því að með því að fella vörugjöld alfarið af matvælum og hráefnum til matvælaframleiðslu mætti draga stórlega úr skrifræði sem ætti að geta skilað verulegum sparnaði bæði hjá framleiðendum og hinu opinbera. Með því að leggja niður vörugjöld en hækka í staðinn virðisaukaskatt á matvæli myndi ríkissjóður geta sparað umtalsverðar upphæðir auk þeirra tekna sem fást með hækkun virðisaukaskatts. Einnig mun draga úr óbeinum kostnaði sem leggst á atvinnulífið vegna þessara gjalda og endar óhjákvæmilega í verðlagi á matvælum.

Öll matvæli í einu þrepi

SI eru algerlega á móti því að horfið verði frá því að hafa allar matvörur í sama skattþrepi virðisaukaskatts. Það væri mikil afturför sem felur í sér hvort tveggja í senn aukna mismunun í skattlagningu og aukinn kostnað í skattframkvæmdinni og aukna

hættu á svindli. Það kennir reynslan okkur frá þeim tíma þegar matvæli voru í sitthvoru skattþrepinu.

Samtök iðnaðarins mótmæla harðlega þeirri mismunun gagnvart rótgrónum íslenskum framleiðslufyrirtækjum sem felst í því að skattleggja sérstaklega sumar framleiðsluvörur, s.s. sælgæti og drykkjarvörur, fyrirtækjum sem hafa staðið sig í harðri samkeppni við innflutning. Þessi fyrirtæki skorast ekki undan að axla sínar byrðar eins og aðrir en það er ekki heiðarlegt af löggjafanum að leggja á þau þyngri byrðar en aðra eða draga matvælaframleiðendur í dilka með þessum hætti.

Samtök iðnaðarins benda á að þessi fyrirtæki skapa atvinnu og spara gjaldeyri. Eina vörn þeirra gegn boðuðum skattahækkunum er að draga úr breytilegum kostnaði sem er að mestu aðföng og laun. Áhrif samdráttarins mun því einkum koma niður á starfsfólki og innlendum þjónustuaðilum. Slík hliðaráhrif koma ekki fram með sama hætti þegar byrðarnar dreifast á fleiri herðar. Fari fram sem horfir er óhjákvæmilegt að fækka verði starfsfólki og draga eins og kostur er úr launakostnaði vegna þeirra sem eftir verða. Þar er þó ekki af miklu að taka því laun í þessum greinum hafa ávallt verið hófstíllt. Fækkun starfa í sælgætis- og drykkjarvöruiðnaði mun að öllum líkindum þýða auknar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Verði sérstakt 14% VSK þrep tekið upp mun það hafa í för með sér gríðarlegan óþarfan kostnað, sem aðeins skaðar en engu skilar, við að breyta tölvukerfum og sölukössum hvernar einustu verslunar, bakrísbúðar og sjoppu sem selur matvæli. Þessi kostnaður skilar engu í ríkiskassann en annað hvort leggst ofan á vöruverð eða setur smærri fyrirtæki í þrot. Þetta eru algerlega óboðleg vinnubrögð á tímum þegar öll fyrirtæki róa lífróður.

Almenn hækkun virðisaukaskatts

Öllum er ljóst að ríkisstjórnin þarf að leita allra leiða til að bæta afkomu ríkissjóðs. Samtök iðnaðarins telja heppilegast að mæta tekjuþörf ríkisins af virðisaukaskatti með því að hækka skatthlutfall á allar vörur jafnt. Möguleikar í stöðunni eru að hækka annað hvort eða bæði núgildandi skattþrep. Þurfi að beita álögum á matvæli til að auka tekjur ríkissjóðs liggur beinast við að hækka virðisaukaskatt á öll matvæli. Það skilar meiru í ríkissjóð, einfaldar skattkerfið og dregur úr líkum á undanskotum.

Gætum samræmis í skattlagningu sykurs

Samtök iðnaðarins eru mótfallin því að beita neyslustýringu með skattlagningu tiltekinna vara. Sú skattlagning sem hér er boðuð stríðir gegn manneldismarkmiðum (skattlagning vatns og ávaxtasafa) auk þess sem jafnræði, sanngirni og meðalhóf er virt að vettugi. Séu stjórnvöld staðráðin í að skattleggja sykur og sykurvörur sérstaklega er önnur leið mun betri, einfaldari og sanngjarnari og líklegri til að draga úr neyslu sykurs.

Hugmyndir Samtaka iðnaðarins eru þessar:

- Engin matvæli verði flutt milli þrepa virðisaukaskatts
- Vörugjald verði fellt niður af öllum matvælum
- Sykurskattur (vörugjald) verði lagður á tollnúmer 1701 og 1702 í tolli
- Endurgreiðslukerfi til íslenskra framleiðenda vegna vörugjalda á hráefnum (sykurs) verði lagt af
- Sykurskattur verði lagður á sykurrinnihald í öllum innfluttum matvörum. Auðvelt er að ákvarða sykurrinnihald, annað hvort með upplýsingum frá innflytjanda/framleiðanda eða samkvæmt næringarefnatöflum í opinberum gagnagrunni sem MATÍS gæti séð um fyrir stjórnvöld. Þessi leið er nauðsynleg til þess að allur sykur sé skattlagður, hvort sem hann er fluttur inn sem hráefni eða í fyll- eða hálfunnum vörum. Það er líka nauðsynlegt til að mismuna ekki innlendum og erlendum framleiðendum samkeppnisvöru.

Meðal helstu kosta við þá leið sem Samtök iðnaðarins leggja til er:

- Allur sykur (viðbættur) er skattlagður
- Allir innlendir matvælaframleiðendur sitja við sama borð
- Innlend framleiðsla og innflutningur situr við sama borð
- Úrelt vörugjaldskerfi á matvæli fellur niður
- Úrelt endurgreiðslukerfi fellur niður
- Skattkerfið verður einfaldara og gegnsærra
- Skattheimta verður auðveldari og undanskot erfiðari
- Ætla má að dragi úr ólöglegu heima- og landabruggi en verði frumvarpið að veruleika hafa gjöld á áfengi hækkað um 42% á einu ári. Þegar hefur dregið verulega úr sölu áfengis og má leiða að því líkur að heimabugg hafi aukist á móti.

Samtök iðnaðarins eru eindregið þeirrar skoðunar að þau sjónarmið og tillögur sem þau leggja fram í þessu máli séu miklu betri til þess að ná markmiðum um tekjuöflun og að draga úr sykurneyslu en sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá er leiðin mun einfaldari og kostnaðarminni fyrir skattkerfið og þá sem eiga að innheimta skattinn.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
frankvæmdastjóri

Afrit sent öllum þingmönnum í tölvupósti